


SKÝRSLUR
FORNLEIFAVERNDAR RÍKISINS 2004



**Skráning fornleifa á jörðunum Húsum, Króki,
Rima, Skeiði og hluta jarðarinnar Selárdals
í Selárdal við Arnarfjörð**

Agnes Stefánsdóttir
Kristinn Magnússon
Magnús A. Sigurðsson

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Inngangur.....	2
Tilgangur fornleifaskráningar.....	2
Aðferð við skráningu.....	4
Hús (ytri) 140450-183.....	6
Krókur (ytri) 140455-181.....	7
Rimi 181555-182.....	12
Selárdalur 140464-178.....	14
Skeiði 181553-179.....	22
Niðurstöður.....	28
Heimildir.....	29
Loftmyndir.....	30
Myndir af einstaka minjum.....	32

Forsíðumynd: Túngarður 140464-178-117. Íbúðarhúsið á Melstað í baksýn.

Inngangur

Síðastliðið sumar var unnið að viðgerðum á listaverkum Samúels Jónssonar í Brautarholti í Selárdal við Arnarfjörð. Einnig var gert við svo kallað listasafn og kirkju sem Samúel reisti á jörð sinni. Verkið var unnið fyrir fjárstyrk frá landbúnaðarráðuneytinu sem er núverandi eigandi jarðarinnar Brautarholts auk fleiri jarða í Selárdal. Ferðamannastraumur er orðinn talsverður í þennan afskekktan dal og er talið að 3000 – 4000 manns hafi komið þangað sumarið 2004. Frekari framkvæmdir eru fyrirhugaðar í dalnum m.a. viðgerð á íbúðarhúsi Gísla Gíslasonar á Uppsölum þar sem útbúa á lítið safn um Gísla. Þá eru uppi hugmyndir um að leigja almenningi land í dalnum og gefa kost á að gera upp gömul hús sem enn standa. Landbúnaðarráðuneytið hefur fengið Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri til að útfæra hugmyndir um framtíðarnotkun lands í Selárdal í samráði við Fornleifavernd ríkisins. Fornleifaverndin mun af þessu tilefni skrá fornleifar í Selárdal.

Sú skýrsla sem hér er lögð fram er fyrsti hluti fornleifaskráningar í Selárdal. Tveir starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins, Magnús A. Sigurðsson, minjavörður Vesturlands og Vestfjarða og Kristinn Magnússon dvöldu í Selárdal dagana 22. og 23. september 2004 við vettvangsskráningu. Skráð var svæði við ströndina, frá Króki að Selá og svæði vestan og norðan við Selárdalsbæinn. Ekki var farið suður fyrir veginn sem liggur heim að bænum. Stór svæði í dalnum eru því enn óskráð.

Áður en vettvangsskráningin fór fram hafði verið aflað heimilda um fornleifar í Selárdal. Árið 1997 kom út hjá Fornleifastofnun Íslands skýrsla sem nefndist *Menningarminjar í Vesturbyggð. Svæðisskráning*.¹ Agnes Stefánsdóttir starfsmaður Fornleifaverndar ríkisins hefur safnað fleiri heimildum um fornleifar í Selárdal og tekið saman nýja heimildaskýrslu.² Stuðst er við upplýsingar úr þessum skýrslum við samantekt þessarar skýrslu. Þá veitti Ólafur Gíslason í Neðrabæ í Selárdal skýrsluhöfundum upplýsingar og kunnum við honum bestu þakkir fyrir.

Tilgangur fornleifaskráningar

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 er ákvæði um að skylt sé að skrá fornleifar á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Tilgangur þjóðminjalaganna er að tryggja eins og best verður á kosið varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar (sjá 1. gr.), þar á meðal fornleifa. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] *Hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:*

- a. *búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;*
- b. *vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;*

¹ Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. *Menningarminjar í Vesturbyggð. Svæðisskráning*. Fornleifastofnun Íslands 1997.

² Agnes Stefánsdóttir. Heimildir um fornleifar í Selárdal. Óútgefið.

- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum vinna á staðnum megi halda áfram (sjá 13. gr.).

Friðlýstar fornleifar njóta ríkari verndar en aðrar friðaðar fornleifar. Um friðlýsingar er fjallað í 11. gr. þjóðminjalaganna, en þar segir:

Fornleifavernd ríkisins ákveður hvaða fornleifar skuli friðlýstar. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar. Friðlýsa má samfelld svæði, minjasvæði, þar sem fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn og ytri mörk hans tilgreind svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt. Fornleifavernd ríkisins skal sjá til þess að friðlýstar fornleifar eða minjasvæði séu merkt með sérstökum merkjum. Tilkynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðlýsinguna. Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda. Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort. Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðlýsingar áfram.

Fornleifavernd ríkisins getur afturkallað friðlýsingu og skal afturköllunin auglýst með sama hætti og friðlýsingin.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagræður þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að finnist, öllum að óvörum, fornleifar sem nauðsynlegt verður að rannsaka. Auk kostnaðar við fornleifarannsóknir geta tafir á framkvæmdum haft mikinn kostnað í för með sér.

Björgunaruppgröftur sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara og getur stofnunin krafist þess að þeim sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. þjml.).

Aðferð við skráningu

Í fornleifaskráningu er stuðst við aðferðir sem notaðar hafa verið við skráningu fornleifa í menningarsögulega upplýsingakerfið Sarp. Fornleifarnar eru flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.³

Búið er að skrá fjórar jarðir í Selárdal, Hús, Krók, Rima og Skeiði. Jörðina Selárdal er einungis búið að skrá að hluta. Heimildir voru til um 113 fornleifar á jörðinni en ekki þótti ástæða til að hafa þær allar með í þessari skýrslu heldur birta einungis það sem skráð hefur verið á vettvangi. Númerin í fornleifaskránni vísa til númera í heimildaskránni þar sem það á við en í þeim tilfellum þar sem ekki voru til heimildir um fornleifarnar fengu þær ný númer. Þetta er skýringin á því að síðasti hluti númeranna fyrir jörðina Selárdal er ekki í hlauðandi númeraröð.

Við skiptingu sveitarfélagsins eftir jörðum hefur verið farið eftir Jarðatali Johnsens frá 1847. Fornleifar eru lögum samkvæmt skilgreindar sem mannvirki sem eru 100 ára eða eldri. Það er því eðlilegt að miða skrána við jarðaskiptinguna eins og hún var fyrir rúmum 100 árum. Þetta leiðir þó til þess að jarðir sem urðu til út úr öðrum jörðum eftir 1847 fá ekki eigið númer. Þetta á við um jarðirnar Melstað og Brautarholt sem báðar falla undir jörðina Selárdal í þessari skrá.

Hverri jörð fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndum/teikningu þegar við á.

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað (t.d. Rimi 181555) og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens (182). Þar að auki eru fornleifunum gefin raðnúmer innan hverrar jarðar fyrir sig; bæjarhóllinn í Rima er nr. 1 og þar af leiðandi auðkenndur með eftirfarandi hætti: Rimi 181555-182-1.

³ J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

Tegund, hlutverk og heiti

Í örfáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Króksstekkur eða Skútuhróf, er það sérstaklega skráð.

Lega, staðhættir og lýsing

Með legu er átt við landfræðilega legu fornleifanna. Gefin eru upp landfræðileg hnit og í sumum tilfellum örstutt lýsing til glöggvunar. Hafa ber í huga að skekkja upp á 5-10 m getur verið í uppgefnum hnitum. Í kafla um staðhætti er greint frá helstu einkennum landslags í nánasta umhverfi fornleifanna, greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir. Undir fyrirsögninni „lýsingu“ er fornleifunum lýst, formi, umfangi og ástandi. Ef dregin hefur verið upp mynd er hún birt undir þessum lið.

Hættumat

Þegar fornleifar eru skráðar er venja að lagt sé mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdagleði mannsins kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs. Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda því að fornleifar geta leynst undir sverðinum.

Við skráningu fornleifa í Selárdal var ekki lagt mat á hættu sem steðja kann að einstökum fornleifum. Ástæðan er sú að engar fornleifar í dalnum eru í beinni hættu eins og nú er ástatt. Ekki liggja fyrir áform um nýtingu lands í dalnum en unnið að hugmyndum um hvernig hún megi verða. Skráningin er liður í þeirri vinnu. Gengið er út frá því að tillit verði tekið til fornleifanna við endanlega útfærslu þessara hugmynda.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir, þar sem þær liggja fyrir, um hverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Hús (ytri) 140450-183

Saga

„Ytrehus. Sjöunda hjáleiga, þar skamt fyrir ofan, bygð fyrir manna minni.

Ábúandinn Jón Andresson.

Landskuld nú og næstliðið ár 2 vættir, áður 3 vættir. Betalast með fiski hjer heima ut supra.

Leigukúgildi ii, og so að fornu. Leigur betalast í smjöri heim til staðarins.

Kvöð er skipsáróður ut supra.

Kvikfje ii kýr, xiiii ær, iiii sauðir tvævetrir og eldri, viii veturgamlir, xiii lömb, i hross.

Fóðrast kann iij kýr þungi.

Kostir og ókostir sem segir um Rima.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. bls. 362-363)

„Jörðin Hús samanstendur af þeim jarðabrotum sem við höfum talað um. ... Mér var tjáð að landamerki milli Húsa og Selárdals hafi verið um Hólavöll en á því svæði er ávalur smáhóll sem nefndur var **Barkarleiði** (242) (*Þjóðsögur Jóns Árnasonar* I. b., bls. 491).“ (Lárus J. Guðmundsson).

Heimildir:

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gefin út af Hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Sjötta bindi. Kaupmannahöfn 1938.

Lárus J. Guðmundsson. Selárdalur og Uppsalar. Örnefnastofnun Íslands 1974.

Fornleifaskrá – Hús (ytri)

Hús (ytri) 140450-183-1 Bústaður

Tegund minja: Tóft

Fjöldi: 1

Landareign: Hús

Lega: 65°46.750 N 24°00.511 V.

Staðhættir: Umhverfis er graslendi. „Á Húsum er timburhús, síðasti ábúandi þar var Ólafur M. Waage.“ (Lárus J. Guðmundsson). „Af Hólvelli blasa við þrjár hjáleigur Selárdals: **Tóft** (40), **Hús** (41) og **Rimi** (42). Eru túnblettir þeirra allra fyrir löngu runnir saman við Selárdalstún án aðgreiningar. Af Tóft sést nú (1976) ekkert eftir nema lítilsháttar grjótrúst, ytra byrði íbúðarhússins að Húsum stendur enn, en aðeins veggir af útihúsum, sem voru rifin árið 1964.“ (Hannibal Valdimarsson).

Lýsing: Hér stóð steinsteypt lítið hús sem jarðýta hefur rutt um koll fyrir nokkrum dögum (skráð 23.09.2004). Ekkert er eftir af húsinu sjálfu. Undir hluta þess hefur verið steinhlaðinn kjallari sem enn stendur, um 3,5x2 m. Veggjarhæðin er um 1-1,5 m.

Hlutverk: Bústaður

Heimildaskrá:

Lárus J. Guðmundsson. Selárdalur og Uppsalar. Örnefnastofnun Íslands. 1974.

Hannibal Valdimarsson. Örnefni í Selárdalstúni. Örnefnastofnun Íslands 1976.

Hús (ytri) 140450-183-2 Stekkur

Tegund: Heimild

Staðhættir: „Framan við Leiti er komið í annan smáhvamm og þar var stekkur frá Húsum (Fremrihúsum) áður fyrr. Hvammur þessi var kallaður **Stekkjahvammur** (227).“ (Lárus J. Guðmundsson).

Heimildaskrá: Lárus J. Guðmundsson. Selárdalur og Uppsalar. Örnefnastofnun Íslands. 1974.

Hús (ytri) 140450-183-3 Útihús

Tegund minja: Tóft

Fjöldi: 1

Landareign: Hús

Lega: 65°46.774 N 24°00.518 V. Í um 90 m fjarlægð frá réttinni (nr. 140464-178-122), neðar í brekkunni niður undan fjallshlíðinni.

Staðhættir: Grasi gróin brekka.


Lýsing: Miklar tóftir. Fjögur hól sem liggja samhliða frá S til N, alls 29 m frá S til N. Steinhlaðnir veggir allt að 2 m háir, grasi gróinir að ofan en vel sést í veggjahleðslur. Syðst er hól sem er 8x3 m að innanmáli með 1 m breiðar dyr syðst í austurgafli. Vesturgafllinn er horfinn en þar sem hann var stands nú steinsteyptar leifar af einhvers konar húsi, 2x3,5 m. Hól númer 2 frá suðri er 9x5 m að innanmáli.

Opin gafi til austurs. Eftir endilöngu hólfinu í 1,5 m fjarlægð frá suður-langveggnum er hlaðinn lágur veggur, 0,5 m hár, hugsanlega leifar af garða. Þriðja hólfið er aðeins 3x3 m að innanmáli. Nær jafn langt austur og hin tvö hólfin. Veggir þessa hólfs eru vaxnir þétu, háu grasi svo að ekki sér í grjóti. Það er einnig mun grynna en hin hólfin tvö þó efri brún veggja sé í sömu hæð.

Veggjarhæð aðeins um 0,5-0,7 m. Hólfið er opið til austurs.

Um 60 cm rof er í gavlveggnum að vestanverðu, alveg upp við langhlið rýmis númer tvö. Fjórða hólfið er ógreinilegast, 7x3 m vaxið háu, þétu grasi og erfitt að greina útlínur þess. Nær álíka langt fram til austurs og hin hólfin en þó ómögulegt að greina hvort það hefur verið opið til austurs. Umhverfis hólfið, dældina, standa "veggir" uppi 0,1-0,5 m yfir botni dældarinnar. Ytri brúnir veggjanna renna út til allra átta eins og hliðar aflíðandi hól.

Hlutverk: Útihús.



Krókur (ytri) 140455-181

Saga

„Ytrekrókur, hjáleiga af staðnum niður við sjóinn, byggð fyrir manna minni, og var þetta í fyrstunni (eftir því sem sagt er) tóm hús.

Ábúandinn Jón Skúlason.

Landskuld fyrir bóluna 3 vættir, en síðan ið vætt. Betalast með fiski hjer heima.

Leigukúgildi i, og so að fornu. Leigan í smjöri eður fiski. Kvaðir eru skipsáróður á skipum staðarhaldarans árið um kring, þegar að þau gánga, nema hjáleigumaðurinn hafi sjálfur engin mannaáð, þá geldst hjer ekkert fyrir.

Kvikfje i kýr, i ær, i sauður veturgamall, iiii lömb og ei meir. Fóðrast kann i kýr.

Torfrista og stúnga lök. Elt er sverði með þara og taði undan kvikfje. Túnið spillist stórlega af sandfoki, sem að áeykst árlega. Engjar eru mjög litlar, sem og eru spiltar af sandfoki. Vetrar og sumarhagar sem segir um heimastaðinn. Skóg til kolgjörðar í kirkjunnar skógi í Trostransfirði má hjáleigan brúka eftir þörfum, tollfrí, en það gjörir

hjáleigumaðurinn sjaldan sökum vegalengdar, og kaupir heldur kol til.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. bls. 360-361)

„Fram við sjávarbakkann hefur staðið frá fyrstu tíð ysti bærinn, **Krókur** (195). Í *Jarðabók Árna Magnússonar* er sagt að Krókur hafi ávallt verið hjáleiga frá Selárdal. Eru túnin gróin upp úr sandmelum, þó nokkuð hafi verið ræktað út frá þeim upp í mýrarnar og holtin. Næðingssamt er við sjóinn, en mörg sumarkvöldin dásamleg, það gerir kvöldsólin. Jörð þessi fór í eyði kringum 1960, síðasti ábúandi á Krók var Ólafur Ólafsson. Ég hefi svo óljósar upplýsingar um landamerki milli hjáleignanna frá Selárdal að ég get þeirra sem minnst. Krókur var einnig nefndur **Ytri Krókur** (196). Líka var sagt **Stórikrókur** (197) þegar talað var um þetta býli.“ (Lárus J. Guðmundsson).

Heimildir:

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gefin út af Hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Sjötta bindi. Kaupmannahöfn 1938.

Lárus J. Guðmundsson. Selárdalur og Uppsalar. Örnefnastofnun Íslands 1974.

Fornleifaskrá – Krókur (Ytri)

Krókur (Ytri) 140455-181-1 Bústaður

Tegund minja: Hús

Fjöldi: 1

Landareign: Krókur

Staðhættir: Á grasi grónu svæði ofan við sjávarkambinn. „Túnið frá Ytri Krók hafði náð inn að **Gróf** (201) sem fyrr var talað um, en það var aðeins smáslakki ofan við samnefnda lendingu. Hafði bærinn staðið á bakkabrúninni og við nefnda Gróf. Frá þessum stað og inn að smálæk, sem kallaður var Prettur, náði túnið.“ (Lárus J. Guðmundsson).

Lýsing: Lítið steinsteypt hús sem stendur enn.

Hlutverk: Bústaður.

Heimildaskrá:

Lárus J. Guðmundsson. Selárdalur og Uppsalar. Örnefnastofnun Íslands. 1974.

Krókur (Ytri) 140455-181-2 Útihús

Tegund minja: Tóft

Fjöldi: 1

Landareign: Krókur


Lega: 65°47.457 N 23°59.940 V. Ofan við slóða. Um 50 – 60 m NV frá íbúðarhúsinu á Króki.

Staðhættir: Á grasi grónu svæði skammt ofan við sjávarkambinn. Á túnakorti Króks er túnið sagt vera 1,6 hektarar. Innan túnsins eru þrjú útihús.

Lýsing: Ferhyrnd rúst, 5x7 m. Veggir úr sjávarbörðu grjóti, grasi vaxnir. Hæð veggja um 0,5-1 m. Veggjarþykktin er um 1 m. Rústin snýr í SV-NA með dyr á miðri langhlið, snúa í NV.

Heimildaskrá: Túnakort Króks frá 1920.

Hlutverk:



Krókur (Ytri) 140455-181-3 Útihús

Tegund minja: Tóft

Fjöldi: 1

Landareign: Krókur

Lega: 65°47.467 N 23°59.919 V. Neðan við slóða að Króki rétt ofan við sjávarkambinn. Nokkurn veginn hinu megin við slóðann frá rúst 140455-181-2.


Staðhættir: Á grasi grónu svæði rétt ofan við sjávarkambinn.

Á túnakorti Króks er túnið sagt vera 1,6 hektarar. Innan túnsins eru þrjú útihús.

Lýsing: Tvær samliggjandi litlar tóftir, því sem næst hringlaga, um 2-2,5 m í þvermál. Að hluta grafnar niður í jörðina, önnur um 2-3 m á dýpt en hin 1 m og stendur hún einnig lægra í landinu. Yfir þá dýpri hefur verið reft með timbri og bárujárni sem að hluta er enn á sínum stað.

Heimildaskrá: Túnakort Króks frá 1920.

Hlutverk:



Krókur (Ytri) 140455-181-4 Útihús

Tegund minja: Tóft

Fjöldi: 1

Landareign: Krókur

Lega: 65°47.424 N 23°59.918 V. Um 60 m SV af steypa húsinu á Króki.


Staðhættir: Á grasi grónu svæði. Í og við rústina er hátt gras en lægri túngróður er fjær dregur. Á túnakorti Króks er túnið sagt vera 1,6 hektarar. Innan túnsins eru þrjú útihús.

Lýsing: Rústin er þakin mjög hávöxnu grasi en þó má greina steinhleðslurnar í henni undir grasinu.

5x7 metrar. Veggirnir eru 1,3 m á hæð þar sem þeir eru hæstir. Liggur SV-NA með dyr í NA.

Heimildaskrá: Túnakort Króks frá 1920.

Hlutverk:



Krókur (Ytri) 140455-181-5 Þjóðsaga

Tegund: Heimild

Staðhættir: „Í prestskapartíð séra Eggerts Ormssonar í Selárdal (1749-1788) bjó á Króki maður, sem Jón hét. Hann var talinn fjölkunnugur... Jón [deyr], og um sama leyti springur í tvennt stór, rauður steinn, sem var í bökkunum fyrir ofan Flæðihamarsvík fyrir utan Krók. Það var hald manna, að Jón hefði hefði fólgið galdraáhöld sín undir steini þessum, og því hafi hann sprungið, þegar Jón dó. Sprungni steinninn sést á áður nefndum bökkum enn þann dag í dag [1929].“ (Vestfirzkar sagnir I, 28-29).

Aðrar upplýsingar: Ekki var leitað að þessum steini og því ekki ljóst hvort hann enn á sínum stað nú (2004).

Heimildaskrá: Vestfirzkar sagnir I / Safnað hefir Helgi Guðmundsson. Bókaverzlun Guðmundar Gamalielssonar. Reykjavík 1933 – 1937.

Krókur (Ytri) 140455-181-6 Stekkur

Sérheiti: Króksstekkur

Tegund: Heimild

Staðhættir: „Fyrir framan Brekkuháls lækkar landið nokkuð, þar komum við að gömlum stekkjárústum. Tilheyrði stekkurinn Krók og nefndist **Króksstekkur** (224).“ (Lárus J. Guðmundsson).

Heimildaskrá: Lárus J. Guðmundsson. Selárdalur og Uppsalar. Örnefnastofnun Íslands 1974

Krókur (Ytri) 140455-181-7 Tóft

Tegund minja: Tóft

Fjöldi: 1

Landareign: Krókur


Lega: 65°47.457 N 23°59.883 V. Norðan úr steypa húsinu á Króki er viðbygging.

Vestan við hana er steinhlaðin tóft.

Staðhættir: Við steinsteypt hús á grasi grónu svæði ofan við sjávarkambinn.

Lýsing: Hlaðin úr sjávarbörðu grjóti. Grasi gróin að nokkru en þó sést vel í steinana í hleðslunum. Rústin er um 8x8 m. Veggirnir eru allt að 1,5 m háir og um 1 m á breidd. Dyr eru á vesturhlið. Heyi og jarðvegi hefur verið kastað utan á suðurvegginn. Í miðju rústarinnar er hrúga af grjóti líku því sem er í veggjunum.

Hlutverk:



Krókur (Ytri) 140455-181-8 Túngarður

Tegund minja: Túngarður

Fjöldi: 1

Landareign: Krókur

Lega: 65°47.444 N 23°59.880 V. Um 15 m suður af steypa húsinu á Króki.

Slóðinn sem liggur að Króki og niður að sjó fer í sveig rétt við túngarðinn.

Staðhættir: Á grasi grónu svæði ofan við sjávarkambinn.

Lýsing: Garðurinn er á kafi í grasi. Um 11 metrar eru sýnilegir af garðinum og virðist hann liggja í boga, þó gæti hafa verið horn á honum. Í þeim hluta garðsins sem liggur þvert fyrir framan gafl hússins, nokkurn veginn í AV, má sjá nokkra stóra steina í röð. Eru um 50-70 cm í þvermál.

Hlutverk: Túngarður.

Krókur (Ytri) 140455-181-9 Tóft

Tegund minja: Tóft


Fjöldi: 1

Landareign: Krókur

Lega: 65°47.386 N 23°59.988 V. U.þ.b. 100 m SV við steypa húsið á Króki.

Staðhættir: Grasi gróið sléttlendi.

Lýsing: Rústin er grasi gróin en þó má kenna grjót í veggum hennar undir grassverðinum. Stendur einungis um 20-30 cm upp úr yfirborðinu umhverfis. Að innanverðu er rústin um 70-90 cm djúp. Veggjarþykktin er um 120 cm. Ummálið er 12x5 m en rústin er nokkuð undarleg í laginu því nyrðri endi hennar sveigir lítillega til austurs. Líklegast er að húsið sem þarna stóð hafi verið um 7 m langt því þar vottar fyrir þrengingu líkt og þar



hafi verið inngangur. Þar fyrir framan eru svo sveigðir veggir í beinu framhaldi af langveggjum rústarinnar.

Hlutverk:

Krókur (Ytri) 140455-181-10 Tóft

Tegund minja: Steinahrúga

Fjöldi: 1

Landareign: Krókur

Lega: 65°47.382 N 23°59.963 V. Um 12 m SA af nr. 140455-181-9.

Staðhættir: Grasi gróid sléttlendi.

Lýsing: Steinhúga sem sker sig úr graslendinu í kring. Húgan er hringlaga, um 2,5 m í þvermál og um 0,5 m há í miðju en lækkar út til jaðranna. Í jöðrunum eru stórir steinar, upp undir 50 cm í þvermál en blandaðir að stærð inni í, allt niður í steina sem eru 10 cm í þvermál. Talsverður mosi er á steinunum og umhverfis næst hrúgunni. Í miðri hrúgunni er viðarbútur sem stendur á ská upp úr henni. Hér kann að hafa staðið siglingamerki.

Hlutverk:

Krókur (Ytri) 140455-181-11 Tóft

Tegund minja: Rústarhóll?

Fjöldi: 1

Landareign: Krókur

Lega: 65°47.465 N 23°59.841 V. 20-30 m NA við steypa húsið á Króki. Liggur nær ströndinni en steypa húsið. Neðan við hólninn, nær ströndinni, er slóðinn sem liggur að Króki og þar fyrir neðan fjaran.

Staðhættir: Á grasi grónu svæði rétt ofan við sjávarkambinn.

Lýsing: Grasi gróinn hóll, um 8 m í þvermál. Ekkert rústarlag er að sjá á hólum en ljóst að í honum er talsvert af grjóti og líklegt að þarna hafi staðið mannvirki.

Hlutverk:

Krókur (Ytri) 140455-181-12 Útihús

Tegund minja: Tóft


Fjöldi: 1

Landareign: Krókur

Lega: 65°47.453 N 23°59.813 V. Um 50 m A við steypa húsið á Króki frammi á sjávarbakkanum.

Staðhættir: Umhverfis rústina er mikið gras. Stendur fremst á grasi grónu svæði en sjávarmegin við hana hallar bratt niður um nokkra metra niður á grasi gróinn stall þar sem nú er vegur. Þessi stallur er á fjörukambinum en þar fyrir neðan er fjaran, nokkuð stórgrýtt næst stallinum.

Lýsing: Steinhlaðin rúst í nokkrum hólum. Hlaðin úr sjávarbörðu grjóti. Steinarnir sjást í hleðslunum sem eru víðast 1,5-2 m háar. Veggirnir eru grasi grónir að ofan og víða vex gras millli steina í þeim. Þeir eru um 1 m á breidd en þó víða breiðari neðst. Í austasta hólfi rústarinnar má sjá leifar af timburgrind og þaksperrum. Tvö austustu hólfin virðast standa nánast óröskuð, þ.e. lítið sem ekkert hefur hrunið úr veggjum þeirra. Bæði þessi hólfi eru opin mót hafi og eins er



um næsta hólfi. Vestustu hólfin eru lokuð og erfitt að sjá hvort og þá hvar hafi verið dyr á þeim. Hólfin sem merkt eru A og B á teikningunni virðast í raun hafa verið eitt rými sem skipt hefur verið með hlöðnum vegg (C), sem er mun lægri en útveggirnir. Heildarlengd rústarinnar, frá NV til SA, er 21,5 m og mesta breidd, þ.e. dýpt, lengsta rýmisins er 11 m (innanmál).

Hlutverk: Útihús.

Krókur (Ytri) 140455-181-13 Tóft

Tegund minja: Tóft

Fjöldi: 1


Landareign: Krókur

Lega: 65°47.449 N 23°59.785 V. Stendur á grasbala á sjávarkambinum aðeins um 10 m austan við nr. 140455-181-12. Stendur lægra og nær sjónum en nr. 140455-181-12 á stallinum sem þar er lýst og nú er vegur á.

Staðhættir: Grasi gróinn stallur á sjávarkambinum.

Lýsing: Rústin er 6,5x5,6 m. Hún er að hluta grafin inn í brekku ofan við stallin sem hún stendur á. Hlaðin úr sjávarbörðu grjóti. Veggirnir eru um 1 m þykkir og 1,5 m háir. Múrhúð hefur verið sett innan á hlöðnu veggina.

Hlutverk: Naust?



Krókur (Ytri) 140455-181-14 Vegur

Tegund minja: Vegur

Fjöldi: 1

Landareign: Krókur

Lega: 65°47.467 N 23°59.955 V. U.þ.b. 70 m vestur af steinsteypa húsinu á Króki.

Staðhættir: Grasi gróin bakki beint upp af fjörunni.

Lýsing: 1-1,5 m breiður grasi gróinn vegur sem lagður hefur verið frá efri brún bakkans sem rís ofan við fjöruna og niður í hana. Bakkin er um 5 m hár og er vegurinn lagður á ská niður eftir honum, um 40-50 m langur.

Hlutverk: Vegur.

Rimi 181555-182

Saga

„Þinggierdarhriggur, öðru nafni Rime. Sjötta hjáleiga, byggð við heimatúnið fyrir manna minni, þar sem ekki hafði áður byggð verið.

Ábúandinn Gísli Andresson.

Landskuld ii vættir fiska ut supra, og so hefur lengi verið.

Leigukúgildi að jafnaði ii, og so er enn nú. Leigur betalast í smjöri ut supra.

Kvaðir skipsáróður ut supra.

Kvikfje ii kýr, xi ær, iii sauðir tvævetrir og eldri, iiii veturgamlir, xii lömb, i hross.

Fóðrast kann ii kúa þungi.

Engjarnar spillast árlega af skriðum úr fjallinu, so sem á heimastaðnum. Elt er sverði með taði undan kvikfje. Torfrista og stúnga bjargleg. Vetrar og sumarhagar sem segir um heimastaðinn.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. bls. 362)

„Enn fremur er þarna túnpartur sem liggur að staðartúni vestan frá og nefnist það **Rimatún** (234) og er að nokkru það sem í dag er kallað Hólavöllur. Þar stóð hlaða frá Rima fram til 1935, að mér var tjáð, vestan til í hallanum og var áður baðstofa frá **Rima** (235) en svo hét þetta býli. Einnig var annað nafn **Þinggerðarhryggur** (236) (sjá *Árbók Ferðafélags Íslands* 1959, s.151). Bæði nöfnin eru einkennileg. Rimi getur eins verið smáhryggur. Veit ég ekki neitt sem hægt er að byggja á um þessi tvö nöfn.“ (Lárus J. Guðmundsson).

Heimildir:

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gefin út af Hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Sjötta bindi. Kaupmannahöfn 1938.

Lárus J. Guðmundsson. Selárdalur og Uppsalar. Örnefnastofnun Íslands 1974.

Fornleifaskrá – Rimi

Rimi 181555-182-1 Bústaður

Tegund minja: Bæjarhóll

Fjöldi: 1

Landareign: Rimi

Lega: 65°46.701 N 24°00.348 V. Stór grasi vaxinn hóll vestur af bæjarhúsunum í Selárdal.

Staðhættir: Hóll vaxinn háu þétu grasi. „Af Hólvelli blasa við þrjár hjáleigur Selárdals: **Tóft** (40), **Hús** (41) og **Rimi** (42). eru túnblettir þeirra allra fyrir löngu runnir saman við Selárdalstún án aðgreiningar. ... Af byggingum á Rima standa enn moldarveggir, og hafa öll hús þar staðið saman í þéttri hvirfingu.“ (Hannibal Valdimarsson).

Lýsing: Stór grasi vaxinn hóll vestur af bæjarhúsunum í Selárdal. Engar rústir eru sýnilegar á hólnum. Ólafur Gíslason bóndi á Neðrabæ segir hrygginn sem hóllinn stendur á heita Rimahrygg og að Rimabærinn hafi staðið á hólnum.

Aðrar upplýsingar: Einnig skráð undir Selárdalur 140464-178-40.

Hlutverk: Bústaður

Heimildaskrá:

Hannibal Valdimarsson. Örnefni í Selárdalstúni. Örnefnastofnun Íslands 1976.

Rimi 181555-182-2 Stekkur

Sérheiti: Rimastekkur

Tegund: Heimild

Staðhættir: „Framan við Tóttarhvammi í hlíðinni er smáhvolf sem nefnt er **Bolli** (248). Framan við Bolla taka við tveir grasgeirar sem ná frá Ennum og upp að klettum, eru þeir kallaðir **Rimateigar** (249). Benda þrjú örnefnin nú í röð til þess að Rimi hafi haft tilkall til lands bæði í hlíðinni og flóanum. Á þessum slóðum í hlíðinni eru grjótrústir, leifar af gömlum stekk frá Rima og því nefndur **Rimastekkur** (250).“ (Lárus J. Guðmundsson).

Heimildaskrá: Lárus J. Guðmundsson. Selárdalur og Uppsalar. Örnefnastofnun Íslands. 1974.

Rimi 181555-182-3 Hlaða

Tegund: Heimild

Staðhættir: „Þar stóð hlaða frá Rima fram til 1935, að mér var tjáð, vestan til í hallanum og var áður baðstofa frá **Rima** (235) en svo hét þetta býli.“ (Lárus J. Guðmundsson).

Heimildaskrá: Lárus J. Guðmundsson. Selárdalur og Uppsalar. Örnefnastofnun Íslands 1974.

Rimi 181555-182-4 Matjurtargarður

Tegund: Heimild

Staðhættir: „Sunnan við Rimatóftir er enn matjurtagarður.“ (Hannibal Valdimarsson).

Heimildaskrá: Hannibal Valdimarsson. Örnefni í Selárdalstúni. Örnefnastofnun Íslands 1976.

Rimi 181555-182-5 Rúst?

Tegund minja: Tóft

Fjöldi: 1

Landareign: Rimi

Lega: 65°46.720 N 24°00.341 V. Norðan í Rimahrygg (sjá nr. 181555-182-1) um 50 SV af stórum fjárhúsbyggingum.

Staðhættir: Grasi vaxið svæði.

Lýsing: Grasi vaxinn hóll 3x5 m sem rís um 0,5- 1 m upp úr yfirborði umhvefisins.

Þakin þykku, hávöxnu grasi. Ekkert rústalag en sennilega eru þó leifar mannvirkis í hólnum.

Hlutverk:

Selárdalur 140464-178

Saga

„Kirkjustaður og beneficium.

Jarðardýrleiki óviss, því staðurinn tíundast öngvum. Ábúandinn staðarhaldarinn prófasturinn Sr. Halldór Pálsson.

Landskuld eður ískylda alls engin, því presturinn nýtur staðarins frí til uppheldis sjer, svo sem aðrir beneficiati. Kirkjukúgildi eru xxvii, og eru þau öll á kirkjunnar jörðum. Kvikfje vii kýr, i kvíga veturgömul, i naut tvævett, iiii kálfar, liiii ær, xxviii sauðir tvævetrir og eldri, xxxvi veturgamlir, xxiiii lömb vís, xii óvís, vii hestar, i hestar, i hross. Fóðrast kann viii kúa þungi.

Útigangur í fjörunni í betra lagi, en mjög graslítið á landi, og svipull þegar að vetrar. Torfrista og stúnga næg alt til þessa, en þrýtur nú mjög. Reiðingsrista bjargleg fyrir staðinn. Elt er sverði með taði undan kvikfje. Selveiði hefur áður verið af uppdrápi hjer i landinu við sjóinn, þar sem heitir Kópavík. Hún hefur öldungis brugðist í margt ár. Rekavon var áður að nokkru gagni, en sá reki hefur nú brugðist öldungis í margt ár. Hrokkelsaveiði lítil og valla teljandi. Reka á kirkjan, eftir máldaganum, á Nesskerjum; það veit nú enginn á þessum dögum hvar þau eru. Móskurður hefur að fornu verið, en hefur ei brúkast í margt ár, meinast og eyddur.

Skógarítak á staðurinn í Geirþjófsfirði, til helmínga á milli Kollagötuár og Seljadalsár. Þangað eru 4 vikur sjáfar, en miklu lengra á landi, og brúkast því lítt. Kirkjan á eftir máldaganum tíunda hvern sívalan fisk, sem á land kemur, bæði í Kópavík og niður í fjöru. Þess nýtur ekki staðurinn, nema hvað niður kemur í venjulegum vertollum. So og á kirkjan tólffóta gröf í Kirkjubólslund í Kolmúladal. Það hefur ekki brúkast fyrr nje síðar so menn viti. Kirkjan á tíunda hlut hvalreka á Kirkjubóli í Kolmúladal, hvern veg sem á land ber, nema smáhvali. Sá reki hefur ei heppnast í manna minni.

Túninu spillir Selárdalsá að neðan með landbroti. Engjunum spillir og Selárdalsá með grjóts áburði og skriður að ofanverðu úr fjallinu til stórskaða. Úthagarnir eru stórlega

af sjer gengir, skriðurunnir og uppblásnir. Hætt er kvikfje fyrir sjávarflæðum, snjóflóðum, grjóthruni og fornun torfgröfum, sem oft verður mein að. Hætt er húsum og heyjum fyrir stórveðrum. Heimræði er hjer árið um kríng, og lending nokkuð brimsöm, og gánga so mörg og fá skip staðarhaldarans sem hann fær við komið. Kópavík heitir örnefni út með sjónum. Þar er verstaða og lending sæmileg. Fara menn þángað innan úr sveitinni á vor um vertíð, og gengu þar 9 skip næst liðið vor, áður hafa gengið undir 20, þegar flest voru fyrir bóluna. Vertollur var hjer í fyrstunni hálf vætt fiska af flestum, sem á skipunum reru, þá vel aflaðist, en nú hjer um í 10 ár hefur vertollurinn niður stigið, sökum aflabrests, og er nú almennilega tekinn 3 fjórðungar fiska, eður í steinbíti, af hverjum manni, sem á skipunum rær, nema mjög lítið aflist, þá tekur staðarhaldarinn minna eftir góðri sannsýni. Verbúðir eru venjulega so margar sem skipin gánga, og er hver skipshöfn út af með sína búð. Leggur staðarhaldarinn viðu til þeirra, en skipverjarnir byggja þær sjálfir, og brúka staðarlandið til ristú og stúngu.

Ystidalur, Miðdalur og Sandvík heita þrjár verstöður inn frá Kópavík, og gengu í þeim næstliðið vor, öllum samanreiknuðum, 15 skip, og sjaldan fleiri, en stundum færri, og er þetta tveggja, þriggja og fjöggra manna för. Vertollur var áður fyrst framan af, meðan vel aflaðist, 3 fjórðungar fiska af hverjum manni, sem á skipunum rær, en síðan bóluna aldrei meir en hálfur þriðji fjórðungur í fiskifangi. Stundum minna þá lítið aflast, eftir samkomulagi. Um verbúðirnar er alt hið sama að segja og í Kópavík. En beri so til að verbúðirnar sjeu niðurfallnar, og skipverjarnir liggi við tjöld sín, þá gjalda þeir ekki nema fjórðungs toll.

Að eg undirskrifaður hafi svo tilsagt um Selárdalsstað sem framanskrið stendur, votta jeg með mínu undir settu nafni að Selárdal þann 20. septembris anno 1710.

Halldór Pálsson m.e.h.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. bls. 358-360).

„Selárdalur er yzta byggð við vestanverðan Arnarfjörð. Eru þar fyrst bæirnir Krókur og Kolbeinsskeið (í daglegu tali aðeins nefnt Skeið). Þá Melstaður skammt innan við Skeið og Neðribær innan við ána. Selárdalsstaður stendur á hólum kippkorn frá sjó. Er þaðan gott útsýni yfir allan dalinn, Krókur og Skeið sjást þó ekki þaðan. – Fyrir úrsunnan túnið, er mýraslakki allvíðáttumikill. Þar er mótekja mikil, en illvinnandi sökum vatns. Ekki er heldur unnt að veita vatni því burt, því að landinu hallar frá ánni inn í flóann.“ (Kristján Jónsson. bls.114-5).

„Landamerki Selárdals að vestan eru við Kálfadalsá í Tálknafirði, en að austan eru þau við Selá, skiptir hún landi milli Selárdals og Neðribæjar ásamt Vatnahviltar. Selárdalur (sjálfur dalurinn) gengur suður í hálendið, er stærstur allra dalanna í sveitinni og um leið söguríkastur ... Selárdalur hefur alla tíð verið stærsta jörðin í hreppnum. Árið 1805 er þessi jörð talin vera 80 hundruð að dýrleika og er það stór jörð. Bendir þetta ótvírætt til þess að þarna sé um að ræða fyrsta bæinn er risið hefur í þessari sveit eða hreppi. Hins vegar má álykta að Neðribær hafi svo verið annar bæinn sem í dalnum hefur reistur verið, nafnið eitt gefur það til kynna. Annað veigamikið atriði sem rennir sterkum stoðum undir þá skoðun að Selárdalur hafi verið byggður fyrstur allra dala í sveitinni, er að á staðnum er reist kirkja sem verður svo á sveitarendu er dalirnir byggjast inn eftir. Ég veit ekki annað en kirkjan standi í dag á sama stað og er hún var í fyrstu reist.“ (Lárus J. Guðmundsson).

„Mér var tjáð að landamerki milli Húsa og Selárdals hafi verið um Hólavöll en á því svæði er ávalur smáhóll sem nefndur var **Barkarleiði** (242) (*Þjóðsögur Jóns Árnasonar* I. b., bls. 491). “ (Lárus J. Guðmundsson).

Heimildir:

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gefin út af Hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Sjötta bindi. Kaupmannahöfn 1938.

Kristján Jónsson frá Garðsstöðum. Barðstrendingabók. Reykjavík 1942.
Lárus J. Guðmundsson. Selárdalur og Uppsalar. Örnefnastofnun Íslands 1974.

Fornleifaskrá – Selárdalur

Selárdalur – 140464-178-39. Göng og rúst

Tegund minja: Tóft

Fjöldi: 2

Lega: 65°46.703 N 24°00.369 V, hnit tekið efst í jarðfallinu. Vestan við bæjarhúsin í Selárdal er áberandi hóll í landslaginu, grasi gróinn (bæjarhóll, sjá nr. 37). Vestan til í þessum hól er skarð sem vel gæti hafa myndast við að þekja á göngum hefði fallið niður.

Staðhættir: Grasi gróinn hóll.

Lýsing: Skarð sem talið er leifar niðurfalinnna jarðganga. Skarðið er 20,5 m langt en misbreitt, frá 1 og upp í 5 m. Allt grasi gróið. Beint niður undan göngunum er lítill grasi vaxinn hóll, 4 m í þvermál. Í miðju hans er hola, 2,1 m í þvermál. Erfitt að sjá hvort hér er um rúst að ræða og þá hvort mannvirkið hefur tengst göngunum. Hnit á hólnum: 65°46.712 N 24°00.397 V.

Aðrar upplýsingar: „Fundizt hefur forn undirgangur, og segja munnmælin, að hann hafi legið frá kirkjunni undir bæinn og út úr hólunum útnorðan til. – Sér þess enn merki þeim megin hólanna.“ (Kristján Jónsson, bls.115).

„Suðvestan í Hólavöllum eða þeirri hliðinni er að Húsabæ snýr, má sjá djúpa laut eða jarðfall. Þarna er nefnt Undirgöng (264). Þjóðsögur Jóns Árnasonar (I.b., bls. 492) greina frá að þarna séu leifar af jarðgöngum er Kári prestur hafi átt að gera.“ (Lárus J. Guðmundsson).

„Austan í Hólavelli er alldjúp rauf, bersýnilega af manna höndum gerð. Heitir þar **Undirgangur** (37). Segja munnmæli, að í fyrndinni (á Víkingaöld eða Sturlungaöld) hafi verið jarðgöng frá Hólavelli og undir gólf í Selárdalsbæ og -kirkju. Niðri við mýri við rætur Hólavallar mótar fyrir hringlaga mannvirki. Á það að vera uppganga úr undirganginum, en raufin sjálf endi ganganna, og hafi yfirrefting þar fallið niður. Engin fornleifakönnun hefur farið fram á mannvirki þessu.

Seldælir hinir fornu voru náfrændur Hrafns Sveinbjarnarsonar á Eyri (sem Hrafnseyri er síðan við kennd), en hann sat svo sem allir vita, árum saman undir ofsóknum Þorvaldar Vatnsfirðings, og segir Hrafns saga Sveinbjarnarsonar frá því, að frændur hans, Seldælir, komu tvisvar skipaliði sínu til liðs við Hrafn og varð Þorvaldur frá að hverfa í bæði skiptin. Í þriðja sinn bárust engar njósnir um ferðir Þorvalds, og tókst honum þá að brenna Hrafn inni. Seldælir máttu því vera viðbúnir árásum úr sömu átt og Hrafn frændi þeirra, og það sem helzt mátti til varnar verða gegn því að vera svældir inni eins og melrakki í greni, var það að geta horfið úr bæ eða kirkju og komizt í hvarf frá umsátursstaðnum. Miðað við það, að bærinn hafi staðið móts við kirkjuna, hagar einmitt svo til hér, að við mynni jarðganga bak við Hólavöllum, eru menn með öllu komnir í hvarf frá bænum, og aðeins snertispölur þaðan og í djúpa lág, **Rimalág** (38), sem liggur langleiðina til sjávar. Þar sést heldur ekki frá bænum til neinna mannaferða.

Munnmælin um undirgöngin í Hólavelli eru þannig studd allsterkum líkum, þótt óneitanlega hafi þau hlotið að vera mikið og seinunnið mannvirki með verkfærum þeirra tíma.

Aðrir telja sennilegra, að bærinn hafi staðið á Hólavelli, og að raufin sé leifar af yfirbyggðum vegi niður að vatnsbóli staðarins.“ (Hannibal Valdimarsson).

Heimildaskrá:

Kristján Jónsson frá Garðsstöðum. Barðstrendingabók. Reykjavík 1942.
Lárus J. Guðmundsson. Selárdalur og Uppsálir. Örnefnastofnun Íslands 1974.
Hannibal Valdimarsson. Örnefni í Selárdalstúni. Örnefnastofnun Íslands 1976.

Selárdalur 140464-178-40 Bæjarhóll

Tegund minja: Bæjarhóll

Fjöldi: 1

Landareign: Selárdalur (Rimi)

Lega: 65°46.701 N 24°00.348 V. Stór grasi vaxinn hóll vestur af bæjarhúsunum í Selárdal.

Staðhættir: Hóll vaxinn háu þétu grasi. „Fremri hluti Húsatúns heitir **Tóttartún** (240). Þarna hafði verið húsmannsbýli sem lagt var undir Hús á sínum tíma. Stóðu þessar tóttir 1935 og sáust vel. Hafði býli þetta heitið **Tótt** (241). Hafði þetta býli verið ofan við Gíputún og fram að Fremri-húsum.“ (Lárus J. Guðmundsson). „Af Hólvelli blasa við þrjár hjáleigur Selárdals: **Tóft** (40), **Hús** (41) og **Rimi** (42). Eru túnblettir þeirra allra fyrir löngu runnir saman við Selárdalstún án aðgreiningar. Af Tóft sést nú (1976) ekkert eftir nema lítilsháttar grjótrúst“ (Hannibal Valdimarsson).

Lýsing: Stór grasi vaxinn hóll vestur af bæjarhúsunum í Selárdal. Engar rústir eru sýnilegar á hólnum. Ólafur Gíslason bóndi á Neðrabæ segir hrygginn sem hóllinn stendur á heita Rimahrygg og að Rimabærinn hafi staðið á hólnum.

Aðrar upplýsingar: Einnig skráð undir Rimi 181555-182-1.

Hlutverk: Bæjarstaði

Heimildaskrá:

Lárus J. Guðmundsson. Selárdalur og Uppsálir. Örnefnastofnun Íslands 1974.
Hannibal Valdimarsson. Örnefni í Selárdalstúni. Örnefnastofnun Íslands 1976.

Selárdalur 140464-178-53 Bústaður

Sérheiti: Melstaður

Tegund minja: Hús

Fjöldi: 1

Landareign: Selárdalur (Melstaður)

Staðhættir: Á grasi grónu svæði. „Innan við Teinahringslæk var eftir aldamót reist hús. Það gerði Guðmundur Jónsson frá Feigsdal, bjó hann þar í mörg ár. Nefndist húsið **Melstaður** (214). Er nafnið dregið af melunum þarna í kring. Útrækt fylgdi þessu húsi, sennilega túnleifar frá býlinu Kletti sem stóð fremst á melunum við sjávarbakkana. Reinald Kristjánsson póstur átti mörg ár heima á Melstað og fékk þar löggiltan verslunarstað.“ (Lárus J. Guðmundsson).

Lýsing: Lítið steinsteypt hús sem stendur enn en er illa farið.

Hlutverk: Bústaður.

Heimildaskrá:

Lárus J. Guðmundsson. Selárdalur og Uppsálir. Örnefnastofnun Íslands 1974

Selárdalur 140464-178-109 Bústaður

Sérheiti: Brautarholt

Tegund minja: Hús

Fjöldi: 1

Landareign: Selárdalur (Brautarholt)

Staðhættir: Á grasi grónu svæði. “**Brautarholt** (417). Jón Kristmundsson frá Húsum, Selárdal, reisti hús þetta á melunum framan við Melstað. Þetta var timburhús. Seinna eignaðist Samúel Jónsson þetta hús. Þarna byggði hann fleiri hús, jafnvel kirkju, en þeirri smíði varð ekki lokið, Samúel var þá orðinn fjörgamall, 75-80 ára. Í einu húsinu hafði hann málverk og fleira sem hann hafði gert. Einnig steypiti hann ljónahringinn, en það er líka nokkurs konar gosbrunnur. Þetta og margt fleira hafði Samúel til að sýna gestum og vegfarendum og þá fyrir óverulega greiðslu. ...

Minnismerki (431) er í Brautarholti í Selárdal, um Samúel Jónsson (1978).“ (Lárus J. Guðmundsson).

Lýsing: Lítið steinsteypt hús sem stendur enn en er illa farið.

Hlutverk: Bústaður.

Heimildaskrá:

Lárus J. Guðmundsson. Selárdalur og Uppsafir. Viðbætur. Örnefnastofnun Íslands 1980.

Selárdalur 140464-178-114 Túngarður

Tegund minja: Tóft

Fjöldi: 1

Landareign: Selárdalur

Lega: 65°47.319 N 23°59.486 V, hnit tekið á miðjum garði. Norður af Brautarholti, húsi Samúels Jónssonar, er gil og í því lækur. Í gílinu eru tveir brúnir skúrar með einhvers konar loftnetum eða möstrum. Vestan í gílinu er mikill tréstaup. Um 5 m austan við hann er túngarðurinn.

Staðhættir: Á barmi grasi vaxins gils.

Lýsing: Túngarðurinn liggur frá slóða, sem liggur þarna í átt að Króki, og fram á gilbarminn, alls 26 m langur. Sá hluti garðsins sem liggur nær slóðanum er miklu ógreinilegri en hinn hlutinn sem liggur nær gilbarminum. Upp við slóðann er hann einungis um 10-20 cm hár en um 1,5 m í hinn endann. Hann er um 2 m breiður þar sem hann er hæstur en mjókkar niður í 1-1,5 m þar sem hann er lægstur.

Hlutverk: Túngarður

Selárdalur 140464-178-115 Rúst

Tegund minja: Tóft

Fjöldi: 1


Landareign:

Lega: 65°47.323 N 23°59.418 V. Austan við gilið sem lýst er í nr. 140464-178-114, um 10 m frá gilbarminum og um 10 m ofan við fjörukambinn. Stendur fremst á grasbala sem sjávarmegin hallar niður að sjó.

Staðhættir: Inni í rústinni og í kringum hana eru skaflar af ljósleitum skeljasandi sem að mestu eru grónir lágum grasjurtum og lynggróðri.

Lýsing: Steinhlaðin rúst, 8,7x8 m. Veggirnir eru 1,5 m breiðir og 1 m á hæð þar sem þeir eru hæstir, eru annars mjög misháir. Grjót í veggjum er víðast hvar sýnilegt en veggirnir eru allir grasi grónir að ofan, lágvaxið gras líkt og er í kringum rústina. Snýr í NA-SV með dyr í NA horni. Vestan megin í rústinni, innarlega, eru steinar í hring (u.þ.b. 1 m í þvermál). Gæti hafa verið eldstæði en líklegast mun ynggra en rústin.

Hlutverk:



Selárdalur 140464-178-116 Rústir

Tegund minja: Tóft

Fjöldi: 2


Landareign: Selárdalur

Lega: 65°47.295 N 23°59.200 V. Niðri við sjó á miðjum grasi vöxnum tanga, beint niður af Neðrabæ. Um 3-4 m ofan við þann jaðar tangans sem snýr að sjónum.

Staðhættir: Kringum rúst nr. 140464-178-115 og á svæði sem liggur meðfram ströndinni ofan við sjávarkambinn má víða sjá í ljósan fjörusand í gegnum lágvaxið gras og lynggróður. Þetta svæði er um 100 m meðfram ströndinni. Þá tekur við tangi sem er eilítið hærri en áður nefnt svæði. Gengur lengra niður í átt að fjörunni beint niður frá íbúðarhúsinu á Neðrabæ vestan við nokkuð breitt gil. Tanginn er vaxinn mun hávaxnara grasi en er vestan við hann.

Lýsing: Lítil tóft, 3,8x3,2 m. Veggirnir standa einungis um 0,2-0,3 m upp úr yfirborðinu umhverfis en greina sig að öðru leyti ekki frá umhverfinu, þ.e. eru jafn grasi vaxnir og það. Veggirnir eru 0,6-0,8 m breiðir. Miðja tóftarinnar er niðurgráfin og er um 0,8-1 m frá botni hennar upp að efri brún veggja. Dyr snúa niður að sjó. 2 m austan við þessa tóft er hola í jörðina 0,7x1,4 m. Engar veggjahleðslur eru sýnilegar og erfitt að segja hvort um mannvirki er að ræða.

Hlutverk:



Selárdalur 140464-178-117 Túngarður og rústir

Tegund minja: Tóft

Fjöldi:

Landareign: Selárdalur (Melstaður)

Lega: Hnit voru tekin á 17 stöðum á garðinum, sjá yfirlitsmynd. Norðan og austanvert við steinhúsið á Melstað, sjá lýsingu.


Staðhættir: Á grasi grónu svæði norðan og austan við húsið á Melstað. Þarna er gamalt tún. Utan við túngarðinn í austri er mólendi og þar fyrir austan gil.

Lýsing: Túngarður vaxinn grasi og elftingu liggur meðfram húsinu á Melstað, sjávarmegin, í u.þ.b. 10-20 m fjarlægð.

Garðurinn er um 1 m hár þar sem hann er hæstur og um 1 m á breidd. Garðurinn liggur meðfram Melstaðshúsinu í stefnu nálægt því N-S en beygir síðan til austurs og nær þaðan u.þ.b. 100 m til austurs. Þar liggur hann í sveig meðfram túnjaðri og stefnir til suðurs í átt inn dalinn. Við báða enda garðsins eru lokuð hólfi. Veggir þeirra eru beint framhald af garðinum og líta eins út og veggir hans. Við húsið á Melstað er hólf sem er óreglulegt að lögun, um 25x10-15 m.

Við hinn enda garðsins eru tvö afmörkuð hólfi, 8x5 m og 22x20 m, sjá teikningu.

Hlutverk:



Selárdalur 140464-178-118 Rústir

Tegund minja: Tóft

Fjöldi: 3


Landareign: Selárdalur (Melstaður)

Lega: 65°47.273 N 23°59.394 V. Við enda garðs, nr. 140464-178-117, þ.e. þann enda sem er við Melstaðshúsið er aflokað svæði eins og lýst er í nr. 140464-178-117. Það er aflokað með garði nema að austanverðu þar sem er allstór hóll sem lokar svæðinu þeim megin. Hóllinn er aflangur um 25x10 m og um 1,5 m hár. Rústirnar eru í hólnum að austan- og norðanverðu.

Staðhættir: Grasi gróinn hóll norðan við húsið á Melstað.

Lýsing: Inn í hólinn að austanverðu er grafin lítil tóft, sem stendur að hluta til út úr hólnum, 2,3x1,6 m að innanmáli, sjá teikningu. Hæð veggja að innan er 1,5 m. Efri brún veggja er í sömu hæð og hóllinn. Veggir eru hlaðnir úr grjóti með múr (steypu) á milli. Dyr snúa í austur. Nyrst á hólnum eru tvær grasi vaxnar dældir eða holur í hólnum. Erfitt að sjá hvort um rústir er að ræða en holurnar eru sýnilega manngerðar. Stærð þeirra er 2x3 m og 1x2 m.

Hlutverk:



Selárdalur 140464-178-119 Rúst?

Tegund minja: Tóft

Fjöldi: 1

Landareign: Selárdalur (Brautarholt)

Lega: 65°47.234 N 23°59.456 V. Stendur u.þ.b. 20 m NV við kirkju Samúels Jónssonar. Girðing kringum kirkjuna gengur yfir hólinn. Malarslóði liggur framhjá hólnum að vestanverðu í um 5 m fjarlægð.

Staðhættir: Grasi vaxið svæði.

Lýsing: Grasi gróinn hóll, um 8 m í þvermál. Stendur 1 m upp úr yfirborðinu umhverfis. Ekkert rústalag er að sjá í hólnum en líklegt að eitthvað sé að finna í honum vegna þess hversu greinilega hann sker sig frá umhverfinu.

Hlutverk:

Selárdalur 140464-178-120 Garður

Tegund minja: Tóft

Fjöldi: 1


Landareign: Selárdalur (Brautarholt)

Lega: 65°47.221 N 23°59.375 V. Um 40-50 m ANA við kirkju Samúels Jónssonar. Er 4 m austan við austurhlið girðingar sem umlykur hús Samúels.

Staðhættir: Grasi gróið svæði.

Lýsing: Garðurinn er hlaðinn úr grjóti en vaxinn grasi og elftingu, 8x8 m að utanmáli. Veggir eru um 0,5-1 m breiðir og 0,2-0,8 m háir. Hlið hefur verið í NA horni.

Hlutverk: Matjurtagarður?



Selárdalur 140464-178-121 Rúst

Tegund minja: Tóft

Fjöldi: 1

Landareign: Selárdalur


Lega: 65°46.719 N 24°00.621 V. Neðarlega í grasi gróinni brekku undir fjallshlíð.

Staðhættir: Undir skriðu í grasi gróinni fjallshlíðinni vestan

megin í dalnum eru grasi vaxnar hlíðar sem ganga niður í laut eða lítið dalverpi. Austan lautarinnar hækkar landið aftur í átt að bæjarhúsunum og kirkjunni í Selárdal.

Lýsing: Hóll, um 8 m í þvermál. Stendur um 1 m upp úr yfirborði umhverfisins. Á kafi í mjög hávöxnu grasi og ekki hægt að sjá tóftarmynd í honum. Í hólnum er þó mikið af grjóti. Út frá miðjum hólnum í austurátt gengur garður, um 10 m í austur en beygir svo til suðurs í aðra 10 m. Garðurinn er grasi gróinn eins og rústin en í honum má kenna grjót. Svo er að sjá sem annar garður liggi frá hólnum til vesturs, upp í brekkuna, þar er stallur í landinu en ekki hægt að sjá garðlag né finna grjót.

Hlutverk:



Selárdalur 140464-178-122 Rétt

Tegund minja: Tóft

Fjöldi: 1


Landareign: Selárdalur

Lega: 65°46.768 N 24°00.631 V. Í halla í fjallshlíðinni beint vestur af bæjarhúsunum í Selárdal.

Staðhættir: Í grasi gróinni brekku.

Lýsing: Utanmál réttarinnar er 30x15 m og skiptis hún í þrjú hólf, sjá teikningu. Hún er hlaðin úr grjóti. Talsvert er hrúnið úr veggjunum en þeir standa þó víða í 1,5 m hæð. Þar sem veggirnir eru heilir sést að í þeim er tvöföld hleðsla um 60 cm á þykkt.

Hlutverk: Fjárrétt



Selárdalur 140464-178-123 Rúst

Tegund minja: Tóft

Fjöldi: 1


Landareign: Selárdalur

Lega: 65°46.755 N 24°00.684 V. Uppi í fjallshlíð um 50 m SV af rétt nr. 140464-178-122.

Staðhættir: Grasi gróin fjallshlíð.

Lýsing: Grasi gróin rúst, 3,5x4 m. Veggjarþykkt um 1 m og hæð þeirra er um 0,5 m. Dyr mót austri. Um 3-4 m framan við rústina stendur stór stór steinn sem er áberandi í hlíðinni. Hér og þar í u.þ.b. 20-30 m fjarlægð allt í kringum rústina vottar fyrir garði þó hann sé mjög ógreinilegur enda á kafi í háu grasi.

Hlutverk:



Selárdalur 140464-178-124 Túngarður

Tegund minja: Tóft

Fjöldi: 1

Landareign: Selárdalur

Lega: Sjá lýsingu.

Staðhættir: Í norður- og austurjaðri túnsins í Selárdal.

Lýsing: Um 8 m sunnan við suðurgabl húss Áttahagafélagsins hefur túngarður legið sem afmarkað hefur túnin í Selárdal. Sjá má steinahrúgur úr garðinum hér og þar.

Garðurinn liggur frá veginum sem liggur heim að Selárdal og fram hjá áðurnefndu húsi í átt til fjalls. Við veginn upp að Selárdal er garðurinn tveimur metrum sunnan við slóða sem liggur upp að Átthagafélagshúsinu, beygir þar til suðurs og liggur meðfram veginum að Selárdal að vestanverðu. Nær fjallinu sést að ofan á garðinn hafa verið settir tréstaugar, og girðingarnet og gaddavír á milli stauranna. Steinhleðslan í garðinum virðist samfelld á köflum. Þó skal ósagt látið hvort hér hefur nokkurn tíma verið um steinhlaðinn túngarð að ræða. Kann að vera að einungis hafi verið hlaðið utan um girðingarstaura og steinar lagðir milli stauranna til að loka girðingu að neðanverðu. 19 m SV af húsi Átthagafélagsins hefur nýlega verið grafin niður rotþró mitt í garðinn.

Hlutverk:

Skeiði 181553-179

Saga

„Kolbeinsskeide, almennilega kallað Skeide. Þriðja hjáleiga, byggð hjer um fyrir 12 eður 13 árum skamt inn frá hinum hjáleigunum, þar sem ekki hafði áður byggð verið.

Ábúandinn Rafn Magnússon.

Landskuld iþ vætt í fiski eður öðrum gildum landaurum.

Leigukúgildi ekkert, og aldrei hefur það verið.

Kvaðir ut supra.

Kvikfje xiii ær, vii sauðir tvævetrir og eldri, viii veturgamlir, x lömb. Fóðrast kann i kýr.

Kostir og ókostir ut supra.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. bls. 361)

„Litlikrókur er löngu lagður af sem sérstakt býli og skiptist túnið milli Króks og Skeiðis, en sú jörð kom seinna til en hinir bæirnir. **Skeiði** (202) var þetta býli nefnt í daglegu tali. Rétt nafnið mun vera **Kolbeinsskeið** (203) (sbr. Kolbeinsboðar). Eins og talað var um Krókstún var einnig túnið á Skeiði kallað **Skeiðistún** (204). Rétt utan við bæinn á Skeiði er lækur sá er fyrr var getið, oft var hann lítill eða þornaði bara upp – prettaði fólk; var því nefndur **Prettur** (205).

Skeiði var hjáleiga frá Selárdal með lítið jarðnæði. Um tíma fór hún í eyði vegna sandfoks og lélegs lands, hvenær það var veit ég ekki. Kom svo aftur í ábúð. Síðan mun þessi jörð hafa haft land frá Innrikrók, einnig frá býlinu Skrúða ásamt engjum. Stóð þetta býli nokkuð ofarlega frá Skeiði. Einnig hafði tilheyrt Skeiði eyrar fyrir framan Neðrabæ. ... Túnið á Skeiði náði utan frá Gróf og inn að Teinahringslæk. Þessi jörð fór í eyði um 1960, síðasti ábúandi var Árni Magnússon.“ (Lárus J. Guðmundsson).

Heimildir:

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gefin út af Hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Sjötta bindi. Kaupmannahöfn 1938.

Lárus J. Guðmundsson. Selárdalur og Uppsalar. Örnefnastofnun Íslands 1974.

Fornleifaskrá – Skeiði

Skeiði 181553-179-1 Bústaður

Tegund minja: Hús

Fjöldi: 1

Landareign: Skeiði

Staðhættir: Á grasi grónu svæði ofan við sjávarkambinn. „Á Skeiði var lengst af torfbær, burstabygging, skemmtileg í alla staði og vinalegur bær, hlýlegar vistarverur voru bæði niðri og uppi í baðstofu. Bærinn mun hafa verið byggður um aldamót.“ (Lárus J. Guðmundsson).

Lýsing: Lítið steinsteypt hús sem stendur enn en er illa farið.

Hlutverk: Bústaður

Heimildaskrá:

Lárus J. Guðmundsson. Selárdalur og Uppsalar. Örnefnastofnun Íslands. 1974.

Skeiði 181553-179-2 Útihús

Tegund minja: Tóft

Fjöldi: 1

Landareign: Skeiði

Lega: 65°47.369 N 23°59.606 V. Rétt austan við rústir nr. 181533-179-22 og 181533-179-23 er lítið gil og í því lækur sem rennur til sjávar. Á austurbakka þess, svo sem 10 m ofan við sjávarkambinn og um 20 m NV við húsið Skeiði.

Staðhættir: Grasi gróin brekka. Á túnakorti Skeiðis er túnið sagt vera 3,8 hektarar.

Innan túnsins eru ellefu útihús.

Lýsing: Hola, lík nr. 181533-179-23. Þessi er þó kantaðri í lögun og má kenna grjót í henni á stöku stað, einkum í þeirri hlið sem snýr að sjónum. Stærð: 3,1x3,6 m. Dýpt í miðju er 1 m.

Heimildaskrá: Túnakort Skeiðis frá 1920.

Hlutverk:

Skeiði 181553-179-3 Útihús

Tegund minja: Tóft.

Fjöldi: 1

Landareign: Skeiði.


Lega: 65°47.368 N 23°59.591 V. 5 m norður af húsinu Skeiði.

Staðhættir: Grasi gróið svæði ofan við sjávarkambinn. Á túnakorti Skeiðis er túnið sagt vera 3,8 hektarar. Innan túnsins eru ellefu útihús.

Lýsing: Rúst hlaðin úr grjóti, 8,5x5,5 m. Opín í átt að sjónum. Leifar burðargrindar úr timbri og bárujárn liggja í rústinni. Við hlið rústarinnar í austurátt er lítið hólf sem að hluta er grafið inn í brekkuna, 4,3x1,2 m. Ekki sér fyrir hleðslum í því. Framan við rústina er afmarkað hólf sem nær um 4 m út frá rústinni. Jaðrar þess eru vaxnir mjög grófu, hávöxnu og þéttu grasi svo að ekki verður séð hvort veggir afmarka svæðið eða það er grafið niður.

Heimildaskrá: Túnakort Skeiðis frá 1920.

Hlutverk:



Skeiði 181553-179-4 Útihús

Tegund minja: Rúst

Fjöldi: 1

Landareign: Skeiði


Lega: 65°47.362 N 23°59.576 V. 7 m SA við nr. 181533-179-3. Steinhúsið Skeiði stendur nokkru V við rústina.

Staðhættir: Grasi gróið svæði ofan við sjávarkambinn. Á túnakorti Skeiðis er túnið sagt vera 3,8 hektarar. Innan túnsins eru ellefu útihús.

Lýsing: Rúst hlaðin úr fjörugrjóti, grasi gróin en þó sér vel í hleðslurnar. Stærð 10x9,2 m. Veggjarþykktin er 1-2m og hæð veggja 1-1,5 m að innanverðu. Rústin er grafin inn í brekkuna eins og flestar rústirnar sem standa upp af ströndinni. Hæð veggja efst í brekkunni að utan er því einungis 30-40 cm.

Heimildaskrá: Túnakort Skeiðis frá 1920.

Hlutverk:



Skeiði 181553-179-5 Útihús

Tegund minja: Tóft.

Fjöldi: 1

Landareign: Skeiði.


Lega: 65°47.306 N 23°59.616 V. Um 100 m suður af húsinu Skeiði.

Staðhættir: Rústin sjálf er vaxin háu grasi en umhverfis er mun lágvaxnara gras. Á túnakorti Skeiðis er túnið sagt vera 3,8 hektarar. Innan túnsins eru ellefu útihús.

Lýsing: Steinhlaðin tóft, ferhyrnd, 5,6x5,4 m. Tóftin er vaxin háu grasi en víða sést í steinhleðslur. Dyr eru á tóftinni norðanverðri, í NA horni hennar. Hæð veggja er 1-1,2 m hvort sem mælt er innan eða utan tóftarinnar.

Heimildaskrá: Túnakort Skeiðis frá 1920.

Hlutverk:



Skeiði 181553-179-6 Útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir: Á túnakorti Skeiðis er túnið sagt vera 3,8 hektarar. Innan túnsins eru ellefu útihús.

Heimildaskrá: Túnakort Skeiðis frá 1920.

Skeiði 181553-179-7 Útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir: Á túnakorti Skeiðis er túnið sagt vera 3,8 hektarar. Innan túnsins eru ellefu útihús.

Heimildaskrá: Túnakort Skeiðis frá 1920.

Skeiði 181553-179-8 Útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir: Á túnakorti Skeiðis er túnið sagt vera 3,8 hektarar. Innan túnsins eru ellefu útihús.

Heimildaskrá: Túnakort Skeiðis frá 1920.

Skeiði 181553-179-9 Útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir: Á túnakorti Skeiðis er túnið sagt vera 3,8 hektarar. Innan túnsins eru ellefu útihús.

Heimildaskrá: Túnakort Skeiðis frá 1920.

Skeiði 181553-179-10 Útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir: Á túnakorti Skeiðis er túnið sagt vera 3,8 hektarar. Innan túnsins eru ellefu útihús.

Heimildaskrá: Túnakort Skeiðis frá 1920.

Skeiði 181553-179-11 Útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir: Á túnakorti Skeiðis er túnið sagt vera 3,8 hektarar. Innan túnsins eru ellefu útihús.

Heimildaskrá: Túnakort Skeiðis frá 1920.

Skeiði 181553-179-12 Útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir: Á túnakorti Skeiðis er túnið sagt vera 3,8 hektarar. Innan túnsins eru ellefu útihús.

Heimildaskrá: Túnakort Skeiðis frá 1920.

Skeiði 181553-179-13 Naust

Sérheiti: Skútuhróf

Tegund: Heimild

Staðhættir: „Þar sem sandurinn endar við Selá er klettabrák eða sker, nefnt **Klettssker** (117). Hafði séra Páll [Páll Björnsson í Selárdal (1645-1706)] sett skútu sína þarna til hlunns utan og upp með þessu skeri sem aðdýpi nokkuð var við. Til skamms tíma mátti sjá rústir af hrófi þessu sem hafði staðið upp með Selá að utanverðu og niður að Klettstúni innanverðu, nú Melstaðstúni. Einar Bogason frá Hringsdal getur þess í einni frásögn sinni úr Ketildölum þegar hann ungur að árum hafði séð þetta merkilega hróf á nefndum stað sem kallað var **Skútuhróf** (118). Síðan 1680 eða svo hefur landið á þessum slóðum tekið miklum breytingum, því er engan veginn hægt að aftaka neitt um þessa staði sem þrjú síðustu örnefnin greina frá.“ (Lárus J. Guðmundsson). Heimildaskrá: Lárus J. Guðmundsson. Selárdalur og Uppsálir. Örnefnastofnun Íslands. 1974.

Skeiði 181553-179-14 Bústaður

Sérheiti: Daðatún

Tegund: Heimild

Staðhættir: „Á þessum slóðum hafði endur fyrir löngu verið húsmannsbýli, það hét **Daðatún** (209).“ (Lárus J. Guðmundsson).

Heimildaskrá: Lárus J. Guðmundsson. Selárdalur og Uppsálir. Örnefnastofnun Íslands. 1974.

Skeiði 181553-179-15 Mógrafir

Sérheiti: Móhóll

Tegund: Heimild

Staðhættir: „Mógrafir frá Skeiði voru ofan við túnið í mýrinni, **Skeiðismógrafir** (207). Skammt þar frá var hóll sem mórinn var þurrkaður á og kallaður **Móhóll** (208).“ (Lárus J. Guðmundsson).

Heimildaskrá: Lárus J. Guðmundsson. Selárdalur og Uppsálir. Örnefnastofnun Íslands. 1974.

Skeiði 181553-179-16 Bústaður

Tegund: Heimild

Staðhættir: „Að síðustu vil ég geta hans Jóns sem hafði viðurnefnið *deggur*. Ég veit ekki deili á þessu nafni. Jón hafðist lengi við í kofa einum á Skeiði, hann átti nokkrar kindur og heyjaði hann fyrir þeim með því að hann fékk að gogga móa eða þúfnakraga þann í Skeiðistúni sem er sjávarmegin og utan við lækinn þegar farið er frá Melstað út að Skeiði. Síðan ganga þessir móar undir nafninu **Deggsjóar** (206), samanber örnefnið Deggsbyrgi (sjá *Vestfirzkar sagnir*, I. b., 2. h., bls. 154-162). Margar sögur eru til um þennan mann og þær skýtnar.“ (Lárus J. Guðmundsson). Heimildaskrá: Lárus J. Guðmundsson. Selárdalur og Uppsálir. Örnefnastofnun Íslands 1974.

Skeiði 181553-179-17 Túngarður

Tegund minja: Tóft

Fjöldi: 1

Landareign: Skeiði

Lega: 65°47.405 N 23°59.714 V (hnit tekið nærri miðju garðsins). Mitt á milli húsanna á Króki og Skeiði gengur lítið gil niður í átt til sjávar. Gilið er grasi gróið og eftir því rennur lítill lækur til sjávar. Austan megin gilsins, svo sem 5-10 m frá sjávarkambinum sést í endann á steinhlöðunum garði.

Staðhættir: Grasi gróið svæði rétt ofan við sjávarkambinn.

Lýsing: Garðurinn liggur frá læknum í mynni gilsins meðfram sjónum 7,3 m, beygir þá í 90° til sjávar og liggur þannig 3,3 m. Tekur þá aftur 90°beygju og liggur svo meðfram sjónum í 41,5 m. Garðurinn er mishár, allt að 1 m og um 0,8 m breiður.

Hlutverk: Túngarður.

Skeiði 181553-179-18 Fjárhús

Tegund minja: Tóft

Fjöldi: 1

Landareign:

Lega: 65°47.391 N 23°59.680 V. Um 10 m austan við enda garðsins (nr.181533-179-17).

Staðhættir: Grasbali nokkrum metrum ofan við sjávarkambinn.

Lýsing: Rústir eftir steinsteypt fjárhús. Steinsteyptar undirstöður undir garða liggja eftir rústinni endilangri.

Hlutverk: Fjárhús.

Skeiði 181553-179-19 Rúst?

Tegund minja: Tóft?

Fjöldi: 1

Landareign: Skeiði

Lega: 65°47.384 N 23°59.693 V. Beint upp frá nr. 181533-179-18, u.þ.b. 10 m ofar í brekkunni upp frá sjónum og 6 m neðan við minnismerki um 18 menn úr

Ketildalshreppi sem fórust á sjó í illviðri 20. sept. 1900.

Staðhættir: Grasi gróin brekka.

Lýsing: Grasi gróinn hóll, 7x4,6 m, sem sker sig úr umhverfinu. Geymir líklega leifar af mannvirki þó ekki sjáist móta fyrir því á yfirborðinu. Að sunnanverðu hefur

verið lagður slóði utan í hólinn sem liggur að hluta til yfir hann og að hluta milli hans og áðurnefnds minnismerkis. 1,5 m langur bútur af þykkum sívölum staur liggur ofan á hólnum.

Hlutverk:

Skeiði 181553-179-20 Rúst

Tegund minja: Tóft

Fjöldi: 1


Landareign: Skeiði

Lega: 65°47.367 N 23°59.721 V. Um 30 m SV við nr. 181533-179-19.

Staðhættir: Graslendi.

Lýsing: Grasi gróin tóft, 11x4,6 m. Veggirnir eru greinilegir, hlaðnir úr grjóti. Ekki sést þó í grjótið nema á stöku stað. Liggur SV-NA með dyr, 1 m breiðar, á NA langhliðinni, rúmlega 3 m á frá norðurenda. Veggjarhæð 0,7-1 m og breidd veggjanna er um 1 m.

Hlutverk:



Skeiði 181553-179-21 Útihús

Tegund minja: Tóft

Fjöldi: 1


Landareign: Skeiði

Lega: 65°47.383 N 23°59.632 V. U.þ.b. 20-30 m austan við fjárhúsin, nr. 181533-179-18, fremst á sjávarkambinum.

Staðhættir: Grasi gróid svæði rétt ofan við sjávarkambinn.

Lýsing: Rúst með tveimur hólfum. Svipuð öðrum rústum við sjóinn á þessum stað. Hlaðinn úr sjávarbörðu grjóti. Leifar timburgrinda eru í báðum hólfum og hér má einnig sjá bárujárnsbúta sem verið hafa í þaki. Sá gafl vestara hólfsins, sem snýr að sjónum er opinn en hlaðinn veggur er fyrir enda hins hólfsins og ekki verður séð að dyr hafi verið á því. Vestara hólfið er 8 m langt en hitt 9,5 m. Heildarbreidd rústarinnar er 8,4 m.

Hlutverk: Útihús.



Skeiði 181553-179-22 Útihús

Tegund minja: Tóft.

Fjöldi: 1


Landareign: Skeiði

Lega: 65°47.378 N 23°59.620 V. Einungis 2 m SA við nr. 181533-179-22, þó svolítið lengra frá sjónum.

Staðhættir: Grasi gróid svæði rétt ofan við sjávarkambinn.

Lýsing: Rúst í tveimur hólfum svipuð nr. 15. Í vestra hólfinu er mikið eftir af þakviðum þó þakið sé fallið. Þar sést ekkert bárujárn en hins vegar steinhellur sem þakið hafa timburgrindina undir torfi. Meðfram eystri langvegg vestra hólfsins liggur mjög heillegur garði úr timbri. Heildarbreidd rústarinnar er 8,1 m. Vestara hólfið er 8 m á lengd en hitt 6 m.

Hlutverk: Útihús.



Skeiði 181553-179-23 Rúst

Tegund minja: Tóft

Fjöldi: 1

Landareign: Skeiði

Lega: 65°47.381 N 23°59.610 V. Fremst á grasbala ofan við fjörukambinn. Beint fyrir framan miðju og eystra hólfrústar nr. 181533-179-22.

Staðhættir: Grasi gróid svæði rétt ofan við sjávarkambinn.

Lýsing: Djúp hola, um 1,8 m á dýpt. Þvermál 4,4 m. Nærri miðju hliðanna er stallur, eins og set, þó hvorki jafnbreiður né alveg í sömu hæð allan hringinn.

Hlutverk:

Skeiði 181553-179-24 Rúst

Tegund minja: Tóft

Fjöldi: 1

Landareign: Skeiði

Lega: 65°47.377 N 23°59.633 V. Í grasi gróinni brekku rétt ofan við nr. 181533-179-21 og 181533-179-22. Aðeins 3 m ofan við vestari hluta rústar nr. 181533-179-22.

Staðhættir: Grasi gróin brekka.


Lýsing: Skálalaga rúst, 5x12 m, grasi gróin.

Steinar fundust ekki í veggjunum. Rústin stendur

einungis 10-50 cm upp úr yfirborðinu og er mun ellilegri

en rústirnar neðan við hana. Í um 2-3 m fjarlægð frá vestari enda rústarinnar er eins og rof þvert í gegnum tóftina. Dyr gætu hafa verið þar sem rofið er sunnan megin.

Hlutverk:



Skeiði 181553-179-25 Túngarður

Tegund minja: Tóft

Fjöldi: 1

Landareign: Skeiði

Lega: 65°47.357 N 23°59.576 V, hnit tekið á horni garðsins.

Staðhættir: Grasi gróid svæði.

Lýsing: Það sést móta fyrir enda garðsins um 2 m frá NA horni hússins Skeiði. Hann liggur samsíða N gaffli hússins í 10 m. Roð er í garðinum á 2 m bili, 4,6-6,6 m frá endanum næst húsinu. Hann tekur 90° beygju (eftir 10 m) til SV og liggur í 17 m út að malarslóða. Garðurinn er á kafi í grasi en rís 20-50 cm upp úr umhverfinu. Hann er hlaðinn úr grjóti sem þó sést ekki fyrir grasi.

Hlutverk: Túngarður.

Niðurstöður

Eins og fram kom í upphafi þessarar skýrslu er búið að skrá fjórar jarðir í Selárdal, Hús, Krók, Rima og Skeiði. Allt eru þetta mjög litlar jarðir. Jörðina Selárdal er einungis búið að skrá að hluta.

Í skýrslunni eru 62 númer, þ.e. gerð er grein fyrir 62 fornleifum. Raunar er bæjarhóllinn á Rima skráður á tveimur stöðum þannig að fornleifarnar eru 61. Í 16

tilfellum eru einungis til heimildir um mannvirki en leifar þeirra horfnar. Skráð mannvirki og mannvirkjaleifar eru því 45.

Eins og vænta mátti eru flestar rústirnar leifar mannvirkja sem tengdust búskap á einhvern hátt. Það kemur hins vegar á óvart hversu lítið er af minjum sem beint tengjast sjósókn en það mun eiga sér þá skýringu helsta að íbúar í Selárdal sóttu lengstum sjó frá Ystadal, Miðdal og Sandvík sem einu nafni nefnast Verdalur. Stærstur hluti minjanna eru rústir útihúsa. Skiptingin er annars þannig eftir tegundum:

Bæjarstæði/bæjarhólar	2
Göng og rúst	1
Meint mannvirki	6
Naust	1
Rétt	1
Rústir (óskilgreindar)	4
Túngarðar/Matjurtargarðar	7
Uppistandandi hús	4
Útihús	18
Vegur	1
Samtals	45

Flestar fornleifarnar sem skráðar voru eru tiltölulega ungar, sennilega frá því um aldamótin 1900 eða frá fyrri hluta 20. aldar. Það eru aðeins eftirtaldar minjar sem hægt er að segja með nokkurri vissu að séu eldri: 140455-181-9 (tóft), 140464-178-39 (göng og rúst), 140464-178-116 (rústir) og 181553-179-24 (rúst). Minjagildi einstakra rústa, af þeim sem yngri eru, er takmarkað. Hver þessara rústa hefur hins vegar meira gildi sem hluti af þeim fjölda rústa sem er finna á svæðinu. Fjöldinn sýnir að þessi staður, sem í dag þykir afskekktur og lítt byggilegur, var í eina tíð matarbúr sem tryggt gat fjölda fólks lífsviðurværi. Þetta er vert að hafa í huga við útfærslu hugmynda um framtíðarnotkun lands í Selárdal.

Heimildir

Agnes Stefánsdóttir. *Heimildir um fornleifar í Selárdal*. Óútgefið.
Hannibal Valdimarsson. *Örnefni í Selárdalstúni*. Örnefnastofnun Íslands 1976.
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gefin út af Hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Sjötta bindi. Kaupmannahöfn 1938.
J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn 1847.
Kristján Jónsson frá Garðsstöðum. *Barðstrendingabók*. Reykjavík 1942.
Lárus J. Guðmundsson. *Selárdalur og Uppsalar*. Örnefnastofnun Íslands. 1974.
Lárus J. Guðmundsson. *Selárdalur og Uppsalar. Viðbætur*. Örnefnastofnun Íslands. 1980.
Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. *Menningarminjar í Vesturbyggð. Svæðisskráning*. Fornleifastofnun Íslands 1997.
Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands.
Vestfirzkar sagnir I / Safnað hefir Helgi Guðmundsson. Bókaverzlun Guðmundar Gamalielssonar. Reykjavík 1933 – 1937.

Loftmyndir



Myndin sýnir staðsetningu minja við ströndina.



Myndin sýnir staðsetningu minja kringum Selárdalsbæinn.

Myndir af einstaka minjum.

Hús 140450-183



Hús 140450-183-1



Hús 140450-183-3

Krókur 140455-181



Krókur 140455-181-1



Krókur 140455-181-2



Krókur 140455-181-3



Krókur 140455-181-4



Krókur 140455-181-7



Krókur 140455-181-8



Krókur 140455-181-9



Krókur 140455-181-10



Krókur 140455-181-11



Krókur 140455-181-12



Krókur 140455-181-13



Krókur 140455-181-14

Selárdalur 140464-178



Selárdalur 140464-178-39



Selárdalur 140464-178-40




Selárdalur 140464-178-114



Selárdalur 140464-178-115



Selárdalur 140464-178-116



Selárdalur 140464-178-117



Selárdalur 140464-178-118



Selárdalur 140464-178-119



Selárdalur 140464-178-120



Selárdalur 140464-178-121



Selárdalur 140464-178-122



Selárdalur 140464-178-123



Selárdalur 140464-178-124

Skeiði 181553-179



Skeiði 181553-179-1



Skeiði 181553-179-2



Skeiði 181553-179-3



Skeiði 181553-179-4



Skeiði 181553-179-17



Skeiði 181553-179-18



Skeiði 181553-179-19



Skeiði 181553-179-20



Skeiði 181553-179-21



Skeiði 181553-179-22



Skeiði 181553-179-23



Skeiði 181553-179-24



Skeiði 181553-179-25